

INUIT ATAQATIGIIT KATTUFFIAT



Ræða á landsfundi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs.

Háttvirtu íslensku vinir.

Háttvirtur formaður og stjórn VG. Við í IA erum ánægð og þakklát fyrir að hafa verið boðin á landsfund Vinstri grænna og að geta fengið að taka þátt í fundinum á Akureyri í landinu ykkar fagra.

Fyrir hönd formannsins míns sendi ég þessa kveðju.

Heimurinn eins og við þekkjum hann er gjörbreyttur eftir innrás Rússlands í Úkraínu. Rétturinn til þess að lifa í frjálsu samfélagi og rétturinn til að stjórna eigin lífi hefur verið fótum troðinn á sérstaklega grófan hátt.

Systurfólk okkar, Inúítar í Rússlandi, lifa nú erfiða tíma vegna afleiðinga stríðsins, sem snertir hjörtu okkar allra.

Megi von og friður veita öllum styrk.

Krigen har þávirket vores liv i Arktis. Stríðið hefur haft mikil áhrif á okkur á norðurslóðum. Við urðum fyrir ófriðnum í Evrópu á ýmsan hátt. Hækkandi verð á vörum frá Evrópu, hefur haft neikvæðar afleiðingar og við erum að vinna að áætlun um að auka innflutning frá alþjóðlegum mörkuðum. Við í Inuit Ataqigiiit teljum að það þurfi að styrkja verslun við nágrannalönd okkar. Við viljum taka þátt í að þróa samvinnu Íslands og Grænlands á sviði, verslunar, menningar, fiskveiða og rannsókna. Það var mjög jákvætt þegar við fengum Katrínu Jakobsdóttur, formann ykkar í opinbera heimsókn í fyrra. Kærar þakkir fyrir hana.

Á þessu ári heldur IA upp á að 45 ár eru liðin frá stofnun flokksins. Okkar stærstu mál og gildi, baráttan fyrir sjálfstæði, barátta gegn fátækt, barátta gegn mismunun á öllum sviðum – ójafnvæginu sem enn ríkir milli kynja – var ástæðan fyrir stofnun IA og verða alltaf okkar grunnstoðir.

IA hefur sem rótgróinn flokkur alltaf mætt margvíslegum áskorunum. Við getum sagt með stolti að okkur hefur tekist að höfða til unga fólksins. Ég tel að það sé ein af aðalástæðum þess að við njótum trausts kjósenda. Styrkur flokksins okkar liggur í fjölbreytileikanum, sem speglast í samfélaginu. Ég get ímyndað mér að þið leggið líka áherslu á þetta. Að framtíðin snýst um afkomendur okkar og að þessvegna verðum við að standa með yngstu kynslóðunum.

Gildi félagshyggjuflokkanna, eru nauðsynleg í öllum samfélögum. Rödd fólksins, barátta fólksins – er eitthvað sem öll lönd þarfnast. Við leggjum ekki áherslu á einstaklinginn – við viljum hlýða á raddir einingar í þjóðfélaginu, vegna þess að samstaða leiðir af sér einingu. Og sameinuð náum við langt.

Við í IA óskum ykkur góðs landsfundar.

